

Átt þú erindi?

Færni viðmiðin eru á tveimur þrepum.


3. þrep: Vinnur almennt undir leiðsögn annarra en getur framkvæmt einfaldari verk á afmörkuðum sviðum.

Kröfur um aldur og starfsreynslu: 23 ára og þriggja ára reynsla í hljóðvinnslu.

4. þrep: Vinnur sjálfstætt að verkefnum, tekur faglegar ákvarðanir, bregst við óskum stjórnenda/verkkaupa, kemur að stýringu verkefna og veitir ráðgjöf á sjálfstæðan hátt.

Kröfur um aldur og starfsreynslu: 25 ára og fimm ára reynsla í hljóðvinnslu.

Ef þú hefur starfsreynslu og hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi í hljóðvinnslu þá er þess virði að kynna sér málið.



fti.

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Hver er tilgangurinn?

Undanfarið ár hefur verið unnið að því að skilgreina hvaða færni kröfur hljóðmenn þurfa að uppfylla í starfi sínu. Myndaður var faghópur sem samanstendur af einstaklingum úr ólíkum geirum hljóðvinnslu og hópur stjórnenda sem mótuðu kröfur um færni hljóðmanna. Auk þess var tekið mið af námsskrá Tækniskólans-skóla atvinnulífsins. Nú liggja þessi færni viðmið fyrir og býðst þeim sem hafa starfsreynslu úr hljóðheiminum að fara í raunfærnimat á móti þeim.

Eftir raunfærnimat fær einstaklingurinn skjal þar sem raunfærni hans er staðfest. Það skjal getur hann notað til að sýna fram á færni sína á núverandi vinnustað, þegar hann sækir um vinnu eða þegar hann þarf að sýna fram á færni vegna verkefna.

Markmiðið er að eftir raunfærnimatið liggi fyrir skilgreining á færni viðkomandi einstaklings. Þessar upplýsingar getur hann einnig nýtt til að sækja frekari þekkingu ef hann telur þörf á.

Í stuttu máli, markmið raunfærnimats er að meta færni og gefa út staðfestingu á henni.

Upplýsingar um raunfærnimat í hljóðvinnslu er hægt að fá hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í síma 580-5252 og á heimasíðu Fræðsluskrifstofunnar www.rafnam.is



Raunfærnimat í hljóðvinnslu

Mat og staðfesting á þekkingu og reynslu

Ef þú starfar við upptökur, hljóðvinnslu eða mögnun og hefur gert það í nokkurn tíma þá á þessi bæklingur erindi til þín

fti.

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Hvað er raunfærnimat?

Raunfærnimat er tiltölulega nýtt af nálinni á Íslandi.

Raunfærnimat er skipulagt ferli þar sem lagt er formlegt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings sem hann hefur aflað sér með t.d. starfsreynslu, námi, félagsstörfum og lífsreynslu. Markmiðið er að einstaklingur fái viðurkennda þá raunfærni sem hann býr yfir á ákveðnum tíma.

Algengast er að raunfærnimat fari fram á móti námsskrá og til dæmis hafa yfir 500 einstaklingar lokið raunfærnimati á móti námsskrám í iðngreinum.

Raunfærnimat í þessu verkefni er á móti viðmiðum sem eru búin til í atvinnulífinu og er það sjaldgæfara. Dæmi um það er raunfærnimat hjá þjónustufulltrúum í bönkum en þegar hafa um 120 einstaklingar lokið því.

Hægt er nálgast frekari upplýsingar um raunfærnimat á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is.

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum um verkefnið er hægt að hafa samband við Ísleif Árna Jakobsson hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í síma 580-5252 eða með því að senda póst á isleifur@rafnam.is

Hverjir standa að verkefninu?

Verkefnið er unnið að frumkvæði Félags tæknifólks í rafiðnaði en í stýrihópi sitja fulltrúar fyrirtækja í hljóðvinnslu auk Tækniskólans- skóla atvinnulífsins og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir verkefninu og leggur til sérfræðiþekkingu vegna raunfærnimats en Mímir-símenntun sér um náms og starfsráðgjöf.



Ferillinn í verkefninu

Þú kynnr þér verkefnið

- Upplýsingafundur
- Ákvörðun um hvort þú sækir um
- Bókar viðtal við náms- og starfsráðgjafa

Þú ferð í viðtal við náms- og starfsráðgjafa

- Kynning á ferlinu
- Þú leggur fram gögn um reynslu
- Endanlegur hópur þátttakenda verður til

Þú skráir reynslu og leggur mat á þekkingu þína miðað við færni viðmið

- Skráir reynslu, fyrri nám og aðra þekkingu sem þú býrð yfir
- Sjálfsmat – þátttakandi leggur mat á færni út frá færni viðmiðum
- Samtal við stjórnanda eða samstarfsmann um sjálfsmat þitt

Þú ferð í raunfærnimat

- Raunfærnimat byggist á samtali milli þín og þess sem er fagaðili
- Þar er lögð áhersla á að þú fái tækifæri til að koma á framfæri þekkingu þinni og færni
- Þú getur verið beðin/n um að sýna færni þína, það geta verið lagðar fyrir þig lýsingar á aðstæðum og þú beðin/n að vinna úr þeim eða settar fram aðrar aðferðir sem nýtast í því skyni að gera færni þína sýnilegri

Að loknu raunfærnimati

- Farið yfir niðurstöður með þér
- Þú færð í hendur staðfestingu á færni